

REGLUGERÐ

um ítarlegar reglur um vottun og yfirlýsingu varðandi kerfi og kerfishluta rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu.

1. gr.

Efni.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um sameiginlegar tækniröfur og stjórnsýslumeðferðir varðandi vottun og yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar fyrir ATM-/ANS-kerfishluta.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirtalin gerð með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1768 frá 14. júlí 2023 um ítarlegar reglur um vottun og yfirlýsingu varðandi kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og kerfishluta rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2025 frá 13. júní 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 4. september 2025, bls. 415-432.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 188. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. nóvember 2025.

F. h. r.

Árni Freyr Stefánsson.

Vala Hrönn Viggósdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025